

Fundargerð 82. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2024, þriðjudaginn 22. október kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni samtakanna - 2409001SU

Rætt var um verkefni komandi vetrar og jafnframt óskað eftir fundi með forstjóra Hafrannsóknastofnunnar.

2. Loðnubrestur - 2404002SU

Rætt um áhrif loðnubrests á íslenskt efnahagslíf.

Stjórn samtakanna samþykkir eftirfarandi bókun og felur verkefnastjóra að koma henni á framfæri með aðildarsveitarfélögum samtakanna sem og aðra hluteigandi.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum mögulegs loðnubrests á íslenskt efnahagslíf. Ekki síst gætir áhrifanna hjá íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélögum þar sem uppsjávarvinnsla er ein af meginstöðum atvinnulífsins. Ef ekki verður loðnuvertíð á næsta ári verður það annað árið í röð sem tekjutap af þeim völdum dynur yfir þessi sveitarfélög og samfélagið allt hér á landi. Jafnframt mun það hafa mjög neikvæð áhrif á hagvöxt á næsta ári sem er grafalvarlegt.

Haustmælingar á loðnu gáfu þó vísbendingar um að hægt verði að gefa út upphafskvóta og því leggja Samtök sjávarútvegssveitarfélaga mikla áherslu á að Hafrannsóknarstofnun verði fjárhagslega undir það búin að fara í öflugar bergmálmælingar í byrjun næsta árs til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að heimila þessar þjóðhagslega mikilvægu veiðar. Það er skýlaus krafa sjávarbyggða á Íslandi að ríkisvaldið sjái til þess að jafn mikilvæg stofnun og Hafrannsóknarstofnun sé fullfjármögnuð og gert kleift að halda úti öflugum rannsóknum á fiskistofnum þjóðarinnar til að hægt sé að tryggja sjálfbærar veiðar sem skipta sköpum fyrir íslenskt efnahagslíf.

Fundi var slitið kl. 08:45